



2, 4.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Marz 1907.

### PASKAR.

Hátíð upprisu Jesú. Hátíð lífsins og ljóssins. Stærst allra hátíða. Hátíð dýrðlega sigursins, sem drottinn Jesús vann, þegar hann reis upp frá dauðum.

Nú þurfum við ekki að óttast neitt. Ekki syndina. Jesús vann sigur yfir henni. Ekki dauðann. Jesús vann sigur yfir honum. Ekki djöfulinn. Jesús sigraði hann.

Sigur Jesú var sigur okkar manna; því við áttum Jesúm. Guð gaf okkur hann. Og hann sjálfur gaf okkur sig, til þess að lifa fyrir okkur, líða og deyja fyrir okkur og upprísa. Stríðið hans alt var okkar stríð. Sigurinn hans var þá okkar sigur.

Þegar við trúum á Jesúm, þá könnumst við við þetta, að sigurinn hans hafi verið sigurinn okkar. Með því að trúá á hann segjum við þetta: Já, drottinn Jesús! Þú hefir unnið sigur fyrir okkur. En þegar við viljum ekki trúá á hann, þá beinlínis neitum við því, að sigurinn hans sé sigurinn okkar.

En að lífið okkar yrði *sigur!* Hvað það væri dýrðlegt! Okkur langar til þess. Við viljum ekki, að það verði ósigur— að hið illa og ljóta fái yfirhöndina og verði ofan á. Ef það er